STJÓRNARTÍÐINDI B 117 – 2004

23. september 2004 1903 Nr. 766

REGLUGERÐ

um bann við rækjuveiðum norður af Rifsbanka.

1. gr.

Frá og með 27. september 2004 eru allar rækjuveiðar óheimilar norður af Rifsbanka, á svæði sem markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta.

1. 67° 20′00 N – 15° 00′00 V
2. 67° 15′00 N – 15° 00′00 V
3. 66° 58′00 N – 13° 45′00 V
4. 67° 10′00 N – 13° 45′00 V

2. gr.

Með mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari skal farið að hætti opinberra mála og varða brot viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. september 2004.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.

Gutenberg